

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/349**

2021/EES/71/33

frá 2. mars 2020

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916 að því er varðar notkunarskilyrði
tiltekinna svæða í eða milli borga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksból vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar samþykktar framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1916 ⁽²⁾ hefur komið í ljós, að því er varðar notkunarskilyrði tiltekinna svæða í eða milli borga, að skilmálar hennar voru ekki í samræmi við 3. mgr. 8. gr. b tilskipunar 96/53/EB.
- 2) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916 til samræmis við það.
- 3) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. i tilskipunar 96/53/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1916**

Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkjum er heimilt að banna notkun ökutækja eða samtengdra ökutækja, sem eru með búnað í notkunarstöðu, að teknu tilliti til sérstakra einkenna svæða í eða milli borga, þar sem hámarkshraðinn er 50 km/klst. eða minni og þar sem líklegt er að óvarðir vegfarendur séu á ferli.“

*2. gr.***Gildistaka**Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 63, 3.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 235, 17.9.1996, bls. 59.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1916 frá 15. nóvember 2019 um ítarleg ákvæði varðandi búnað á afturhluta ökutækja sem dregur úr loftnúningsviðnámi samkvæmt tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjtið. ESB L 297, 18.11.2019, bls. 3).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
